

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2014

Bókasafns Grindavíkur er við Ásabraut 2,

netfang: bokasafn@grindavik.is

veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími: Fram að flutningi í júní var opið mánudaga – föstudaga, kl. 11-18. Eftir flutning og sameiningu við skólasafnið er opið á skólatíma, 08-14:30 og fyrir almenning 10-18. Afgreiðslutími fyrir sumarið 2015 hefur ekki verið ákveðinn.

Húsnæði: Safnið er í 443m² húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara (var í 125m² og skólasafnið var í um 100m², samtals ca 130m²). Tölur í sviga hér á eftir eru frá fyrra ári.

Tölvukerfi: Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is (hvar.is), auk þess að hafa spjaldtölvu í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Rekstrartölur: Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2014 hljóðar upp á útgjöld fyrir kr.6.504.070 (um kr.6.000.000 í fyrra). Tekjur voru áætlaðar kr.640.000 (kr.660.000). og launakostnaður og launatengd gjöld um kr.11.527.000 (um kr.10.300.000). Vegna afmælisárs bæjarins var árgjald fellt niður, en í staðinn lagt til bókasafnsins kr.275.000 frá heimilissjóði.

Starfsfólk: Forstöðumaður, Margrét R. Gísladóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var í 85% stöðu út júní, þá færð í 100%, Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Guðrún Erla Hákonardóttir, bókasafns-tæknar, voru í 45% stöðu hvor, en voru hækkaðar í 70% og 80% í júlí. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður í 25% stöðu, á vegum Atvinnu með stuðningi, (stöðugildið heyrir ekki undir safnið). Þannig að í lok árs voru stöðugildin 2,5.

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2014: (tölur frá síðasta ári í sviga)

- Afgreiðslutími: 35 klst á viku fram til 23.júní (35). Eftir að skólinn hófst, var opnað kl.08:00 og lokað kl.18:00 og opið mánud.-föstud. – 10 klst. á dag og 50 klst. á viku. Í október var opnað á laugardögum í 4 tíma, frá 10-14. Þannig að þá var opið í 54 tíma á viku.
- Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2014 voru 937 (504), en virkir lánþegar síðst liðin þrjú ár voru að meðaltali 1275 á ári.
- Fjöldi skráðra eintaka, með skólasafni, í Gegni 31. 12 2014: 26.501 (19.455)
- Fjöldi nýskráðra gagna á árinu var 1537 (871)
- Fjöldi afskráðra gagna á árinu, með skólasafni, var 2.023 (956)
- Fjöldi starfsmanna í árslok 2014: 3 (3) og stöðugildi 2,5 (1,75) (auk 25% stöðugildis vegna Atvinnu með stuðningi (stöðugildið ekki undir safninu)) – alls 4 starfsmenn.
- Gestir voru um 8.500 eða að meðaltali 185 (192) á viku. Lokað var í 7 vikur vegna flutninga. Til viðbótar komu 480 gestir í menningarviku og 120 manns komu í afmælistertu 10.apríl, auk þeirra gesta sem komu þegar safnið var formlega vígt, alls rúmlega 9.200 gestir. (Um 10.000 í fyrra, auk 500 gesta í menningarviku 2013).
- Millisafnalán voru 9 beiðnir frá okkur og ein beiðni til okkar (11)

- Sumarlestur: 8 börn skiluðu inn en 56 skráðu sig til leiks (30). Kennum lokun um sumarið og flutningi safnsins um hversu fá börn skiluðu í lokin.
- Útlán alls: Tæplega 23.500 (13.500). Skólasafnið bættist við og útlán til nemenda.
- Skólasafnið – útlán tæp 3.500 – til vors 2014, (alls 8.600 í fyrra)
- Útlán alls á íbúa, rúml. 7,8 bækur á íbúa.

Helstu verkefni ársins:

- Undirbúningur að flutningi hófst með vorinu og var flutt í júlí og opnað 11. ágúst. Mikil vinna lá að baki og á meðan á flutningi og frágangi stóð á nýjum stað. Hjálp fékkst frá unga fólkinu í sumarvinnunni þegar flytja þurfti hillur og húsgögn og einnig þegar kom að safnkostinum. Þökkum kærlega fyrir þá aðstoð.
- Bókakostur skólasafnsins var að mestu skráður í Gegni og var nokkru bætt við, auk þess sem mikið viðgerðarstarf fór fram á haustmánuðum.
- Enn er verið að færa til og breyta til betri vegar á safninu.
- Átak var gert í grisjun meðfram flutningi og er hún enn í gangi.

Helstu viðburðir ársins:

- Á Menningardögum Grindavíkur – sýning á safninu á skraut-uglum í ýmsum útgáfum í eigu Viktoríu Róbertsdóttur og einnig var haldið söng- og vísnakvöldi í Kvikunni, *Grindavík got Talent*, þangað mættu um 120 gestir. Kjartan Adólfsson, veislustjóri, Sæbjörg Vilmundardóttir, Bakkalá-systur, Ísleifur Haraldsson, Trío Óla Þorgeirs og Karlaþór Grindavíkur sáu um að skemmta fólkinu og er þeim þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.
- Formleg opnun Iðunnar – nýtt sameinað safn – almennings og skóla, þann 16. október, upplestur á safninu – Sverrir Vilbergsson og Stefanía Ólafsdóttir lásu.
- Bókakonfekt – upplestur höfunda 12. desember í samstarfi við KaffiBryggjuna. Guðbergur Bergsson og Guðni Ágústsson lásu úr nýjum bókum sínum.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu.

Myndataka og myndvinnsla fylgir vinnunni við vef og Fb. Þeir starfsmenn safnsins sjá um utanumhald Facebook-síðunnar, en forstöðumaður sér alfarið um heimasíðu.

Barnastarf:

- Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur.
- Sumarlestur er í júní, júlí og fram í ágúst til þess að hvetja yngri nemendur til að lesa.
- Leikskólarnir fá lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni. Lánnum einnig bókakassa í skip.

Skólasafnið kom inn í reksturinn í ágúst, sem var mikil breyting fyrir starfsmenn og útlán jukust mikið.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum. Millisafnalánþátturinn er virkur og getur lánþegi sjálfur sett inn beiðni um lán á gagni frá öðru safni, ef það er ekki til hér. Þannig eykst sífellt sá bókasafnskostur sem bæjarbúum stendur til boða að nýta sér – m.ö.o. við höfum aðgang að flestum bókasöfnum landsins.

Samstarfssöfn og félög:

- Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðum. sækir oftast aðalfund
- Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðum. sækir árleg ráðstefna og aðalfund
- Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðum. sækir fund árlega eða eftir þörfum
- Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust
- Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðum. félagi – landsfundur annað hvert ár og ráðstefna á vegum félagsins hitt árið.

Grindavík, 28.febrúar, 2015,

Margrét R. Gísladóttir, forstm.